



# Hafnarfjörður

## Áætlun um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði 2022-2030

Fjölskyldu og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar

Tekið saman af: Hrönn Hilmarsdóttur

Samkvæmt biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir var staðan, í nóvember 2022, eftirfarandi fyrir fullorðið fatlað fólk. Alls voru 20 fatlaðir einstaklingar sem bjuggu í herbergi á heimili fatlaðs fólks. Hópurinn býr í fimm húsum og þar af er eitt húsanna með blandaða samsetningu, þ.e. þrjú búa í herbergi og tveir í íbúð. Auk þeirra voru 35 fullorðnir fatlaðir einstaklingar á biðlista eftir húsnæði, flestir með ósk um búsetu í kjarna. Til viðbótar við 55 einstaklinga þarf að greina hve mörg ungmenni sem enn hafa ekki náð 18 ára aldri munu þurfa á húsnæði að halda á næstu 5-10 árum.

Vorið 2022 fékk starfshópur það verkefni frá fjölskylduráði að greina í Hafnarfirði búsetuþörf fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Starfshópurinn aflaði upplýsinga um mismunandi búsetuform, ræddi mismunandi húsnæðiskosti og setti fram [tillögur](#) sem voru teknar til umræðu og afgreiðslu í fjölskylduráði 6. maí 2022. Niðurstöður voru þær að á næstu fjórum árum yrði unnið að uppbyggingu fjögurra búsetukjarna til að vinna á biðlistum. Uppbygging húsnæðis fyrir íbúa sem búa í Smárahvammi verði hluti af fjögurra ára áætlun og unnin samhliða fjölgun búsetukjarna fyrir aðra hópa.

Þessi fyrsti áfangi mun leysa vanda tæplega helmings þeirra sem eru á biðlista eftir húsnæði, hvort sem þeir eru að flytja af herbergjaheimili eða úr foreldrahúsum. Einnig þarf að tryggja íbúðir í félagslega húsnæðiskerfinu fyrir þann hóp sem hefur ekki hug á að búa í íbúðakjarna. Í öðrum áfanga þarf að minnsta kosti annan eins fjölda íbúða/íbúðakjarna. Í þessum fyrsta áfanga þarf að tryggja lóðir fyrir fyrsta og annan áfanga og velja hvaða hópur muni búa á tilgreindum lóðum. Stefna skal að því að biðtími eftir sértæku húsnæði verði ekki lengri en 4-6 ár. Fyrstu lóðir eru tímasettar en aðrar lóðir sem á eftir að finna þarf að tímasetja í kjölfarið svo hægt verði að ná markmiðum um biðtíma.

### Aðgerðaráætlun sem hrinda þarf í framkvæmd er eftir farandi:

#### 1. Lóð að Smyrlahrauni 41a sem er frátekin fyrir búsetukjarna

##### Aðgerðir:

- ✓ Aðalskipulag er komið í gegn og því búið er að gera viðeigandi skipulagsbreytingar varðandi lóðina.
- ✓ Í Desember 2022 er ekkert fjármagn í áætlun til að halda áfram með verkefnið. Tryggja þarf fjármagn til að verkefnið fari í gang árið 2023.
- ✓ Fá tilboð í teikningar húsnæðis á lóðinni, þegar fjármagn hefur verið tryggt.
- ✓ Hefja uppbyggingu nýs íbúakjarna.
- ✓ Ákveða endanlega hvaða íbúar flytja í kjarnann.

**Ábyrgðaraðili:** Umhverfis -og skipulagssvið í samstarfi við fjölskyldu- og barnamálasvið

**Tímaáætlun:** verkefni hefst vorönn 2023 – vor 2025 húsnæði tilbúið og íbúar flytja inn.

#### 2. Fá mat sérfræðinga hvaða herbergjaheimilum er hægt að breyta svo það henti nútíma kröfum og hvaða húsnæði borgar sig ekki að breyta.

##### Aðgerðir:

- ✓ Sérfræðingur metur hvaða húsnæði væri hægt að nýta áfram með breytingum.



## Hafnarfjörður

- ✓ Vera í samskiptum við húseiganda varðandi það húsnæði sem hægt er að breyta.
- ✓ Þegar niðurstaða liggur fyrir er hægt að gera áætlun um það í hvaða röð herbergjaheimili verða lögð niður eða húsnæði breytt. Smárahvammur verður fyrst í röðinni en önnur heimili ákveðin að úttekt lokinni.
- ✓ Önnur heimili sem þarf að skoða og leggja mat á, til viðbótar við Smárahvamm, eru í Berjahlíð (í eigu bæjarins), Svölurhauni og Erluási (í eigu Brynju hússjóðs) og Steinahlíð (í eigu þroskahjálpar).

**Ábyrgðaraðili:** Umhverfis -og skipulagssvið í samstarfi við fjölskyldu- og barnamálasvið  
**Tímaáætlun:** árið 2023

### 3. Sækja um lóð í Áslandi 4.

#### Aðgerðir:

- ✓ Velja og sækja um lóðir
  - Skoða þarf lóð undir búsetukjarna í næstu úthlutun Áslands 4 á næsta ári.
  - Fjölskyldu- og barnamálasvið þarf að tryggja fjárveitingar á árinu 2024 og 2025 til byggingar búsetukjarna
- ✓ Gera viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulagsbreytingar
- ✓ Tryggja þarf fjárveitingar á árunum 2024 og 2025 til byggingar búsetukjarna.
- ✓ Fá tilboð í teikningar húsnæðis á lóðinni
- ✓ Hefja uppbyggingu nýs íbúakjarna.

**Ábyrgðaraðili:** Umhverfis -og skipulagssvið í samstarfi við fjölskyldu- og barnamálasvið  
**Tímaáætlun:** vorönn 2023 finna lóðir og breyta skipulagi. Teikningar á húsnæði og hefja uppbyggingu árið 2024. Húsnæði tilbúið árið 2026.

### 4. Sækja um lóðir Hamranesi

#### Aðgerðir:

- ✓ Sækja þarf um lóðir fyrir heimili fatlaðs fólks.
  - Á áætlun var að sækja um lóð í Hamransnesi en engar lóðir eru lausar þar.
  - Því þarf að finna önnur svæði þar sem þarf að taka frá lóðir sem í framtíðinni verða heimili fatlaðs fólks.
- ✓ Gera viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulagsbreytingar
- ✓ Tryggja þarf fjárveitingar á árunum 2024 og 2025 til byggingar búsetukjarna.
- ✓ Ákveða fyrir hverja kjarninn er
- ✓ Fá tilboð í teikningar húsnæðis á lóðinni
- ✓ Hefja uppbyggingu nýs íbúakjarna.

**Ábyrgðaraðili:** Umhverfis -og skipulagssvið í samstarfi við fjölskyldu- og barnamálasvið  
**Tímaáætlun:** vorönn 2023 finna lóðir og breyta skipulagi. Teikningar á húsnæði og hefja uppbyggingu árið 2024. Húsnæði tilbúið árið 2026.

### 5. Sækja um lóðir á þéttingarreitum

#### Aðgerðir:

- ✓ Finna amk. tvær lóðir sem koma til greina á þéttingarreitum.
  - Mikilvægt er að dreifa búsetukjörnum um sveitarfélagið og horfa meðal annars til hverfa þar sem ekki eru búsetukjarnar í dag.
    - benda má á að í stærstu þéttingarsvæðunum, það er á Óseyrarbraut og Hraun-vestur er eingöngu verið að tala um fjölbýlishús í þéttingu á þeim svæðum. Slík lausn gæti hentað fyrir einhverja hópa.



## Hafnarfjörður

- Gera þarf áætlun um húsnæði fyrir fólk með flókinn, fjölþættan vanda.
  - Vanda þarf sérlega vel til með staðsetningu húsnæðis fyrir þennan hóp.
  - Uppbygging húsnæðis fyrir þann hóp þarf að hefjast sem fyrst og vera hluti af fjögurra ára áætlun.
- ✓ Velja og sækja um lóðir
  - ✓ Gera viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulagsbreytingar

**Ábyrgðaraðili:** Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við fjölskyldu- og barnamálasvið  
**Tímaáætlun:** 2023

### 6. Taka frá fleiri lóðir og athuga með aðra kosti sem henta

#### Aðgerðir:

- ✓ Skoða aðrar lausnir sem gætu hentað einhverjum hópi og taka styttri tíma í framkvæmd.
  - T.d. íbúðir í blokk auk íbúðar fyrir starfsmenn þar sem þjónusta er allan sólarhringinn væri útfærsla að kjarna.
  - Eða lóð fyrir lítið fjölbýli sem gæti orðið kjarni o.s.frv.
- ✓ Fjölskyldu- og barnamálasvið í samstarfi við Húsnæðisskrifstofu þarf að skoða einnig eignir sem eru til sölu sem gætu hentað.

**Ábyrgðaraðili:** Fjölskyldu- og barnamálasvið í samstarfi við Húsnæðisskrifstofu.  
**Tímaáætlun:** 2023-2025?

### Hafa þarf í huga eftirfarandi niðurstöður starfshóps um greiningu búsetuþarfa 2022:

Ekki verði byggt samkvæmt lægstu viðmiðum og íbúðir í búsetukjörnum þurfi að vera rúmgóðar og horft sé þar til framtíðar. Sett verði viðmið um stærð húsnæðis.

- Viðmið samkvæmt reglugerð er í dag er að íbúðir skulu að jafnaði ekki vera minni en 40-60 fermetrar að stærð.
- Lagt er til að viðmið hjá Hafnarfjarðarbæ sé að íbúðir skulu ekki vera undir 58 fermetrar.
- Viðmið um fjölda íbúða í búsetukjörnum verði 5 til 6 íbúðir.
- Alla jafna skal viðmið um fjölda íbúa í íbúðakjarna verði 5. Þó sé horft í félagsleg gildi og vináttu þegar ákveða á fjölda íbúa í búsetukjarna. Þó aldrei meira en 6 íbúðir.
- Lögð verði áhersla á sveigjanleika í íbúðum með möguleika á að hluti íbúða verði með viðbótar sér inngangi í búsetukjörnum sem eru með inngangi í íbúðir úr sameiginlegu rými.
- Allar tillögur eða fyrirhugaðar breytingar á húsnæði eða búsetu íbúa á herbergjaheimilum verði í samráði við íbúa og þeirra talsmanna og með aðkomu réttargæslumanns.

Hafnarfjörður 13.12.2022

Fjölskyldu og barnamálasvið Hafnarfjarðarbæjar

Tekið saman af: Hrönn Hilmarsdóttur